

## BLÁSKÓGABYGGÐ - ÞINGVELLIR

### BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2015-2027

### SKIPULAGSLÝSING

#### LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

07.09.2023

UNNIÐ FYRIR BLÁSKÓGABYGGÐ



## 1 Viðfangsefni, staðhættir, aðdragandi og tilgangur

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er með í vinnslu deiliskipulag fyrir vesturhluta þjóðgarðsins sem nær yfir megináðkomusvæði ferðamanna, þinghelgina og tilheyrandi þjónustusvæði frá Haki að Leirum.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana vegna liðar 12.03 í 1. viðauka laganna: *Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis*.

Gerð var skipulags- og matslýsing vegna vinnu við deiliskipulag og fór hún í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Við upphaf vinnu við deiliskipulag var gert ráð fyrir að deiliskipulagið yrði í samræmi við gildandi aðalskipulag. Vinna við deiliskipulagið hefur þróast á þann hátt að nú er talin þörf á að breyta aðalskipulagi en sú breyting er þó ekki mjög umfangsmikil, sjá upplýsingar í kafla 2.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð aðalskipulagsbreytingar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

## 2 Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi:

- Verslunar- og þjónustusvæði VP2 fyrir þjónustumiðstöð lengist um 250-300 m til suðurs auk þess sem svæðið stækkar austur yfir Þingvallaveg (36), norðan við gatnamót nýs Kaldadalsvegar (550).  
Gert er ráð fyrir tveimur nýjum miðstöðum á svæðinu, annarsvegar nýrri þjónustumiðstöð austan við Þingvallaveg og hinsvegar miðstöð fyrir rekstraraðila (einkaaðila) sem eru með starfsemi í þjóðgarðinum við gatnamót nýs Kaldadalsvegar vestan Þingvallavegar.  
Ákvæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði VP2 verða óbreytt í aðalskipulagi.  
Það svæði sem stækkun VP2 nær til er í gildandi aðalskipulagi skilgreint með landnotkuninni óbyggð svæði.
- Vegna nýrra miðstöðva er þörf á nýjum vatnsbólum við þær og verða skilgreind brunnsvæði vatnsverndar í breytingu á aðalskipulagi.
- Skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði með hringtækni fyrir lóðina Valhallastígur nyrðri 8 (363) þar sem gert er ráð fyrir veitingastarfsemi.  
Það svæði sem nýtt verslunar- og þjónustusvæði nær til er í gildandi aðalskipulagi skilgreint með landnotkuninni frístundabyggð.

Ekki er talið að breyting á aðalskipulagi falli undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana vegna liðar 12.03: *Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis*. Þegar er gert ráð fyrir þjónustumiðstöðinni á verslunar- og þjónustusvæði VP2 í aðalskipulagi en í breytingu á aðalskipulagi er aðeins verið að stækka landnotkunarreitinn og hliðra staðsetningu þjónustumiðstöðvarinnar.

Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar þau svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð aðalskipulagsins.

## **2.1 Verslunar- og þjónustusvæði**

### **VP2: Snókagjá (Langistígur) á Þingvöllum**

- Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð með upplýsingum og veitingasölu, einnig aðstaða fyrir þá sem selja ferðir á Þingvallasvæðinu s.s. köfunarferðir. Stærð svæðis er allt að 16 ha.

*Meðal markmiða fyrir verslunar- og þjónustusvæði er eftirfarandi:*

- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi gesta ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.

*Meðal leiða að markmiðunum eru eftirfarandi:*

- Á ferðamannastöðum verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gagnvart veltengingum við fjölfarna vegi.
- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og uppbyggingar í ferðaþjónustu.
- Með umsókn um ný verslunar- og þjónustusvæði skulu fylgja ýtarlegar upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða í dreifbýli.

## **2.2 Óbyggð svæði**

Svæðið á milli Þingvallavegar og Almannagjár er í aðalskipulagi að mestu skilgreint sem óbyggð svæði en slík svæði skulu að mestu vera án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

## **2.3 Samgöngur**

*Stofnvegir*

- *Þingvallavegur (36)*
  - *Liggur milli Biskupstungnabrautar, austan Þrastarlundar, á Þingvelli, yfir Mosfellsheiði á hringveg við Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum þar sem hann liggur gegnum Þingvallapjóðgarð.*
- *Kaldadalavegur (550)*
  - *Liggur milli Þingvalla og Reykholtsdals í Borgarfirði. Búið er að leggja slitlag á veginn frá Þingvöllum norður að Uxahryggjavegi. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að byggja upp þann hluta vegarins sem eftir er, á samsvarandi hátt. Vegurinn verður færður vestar á kaflanum frá Skógarhólum að Þingvallavegi og tenging hans við Þingvallaveg verður færð vestur fyrir Hvannagjá.*

## 2.4 Friðlýst svæði

### **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum árið 1930 og er hann um 230 km<sup>2</sup>. Í lögnum segir að Þingvellir við Öxará skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, hið friðlýsta land skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar undir vernd Alþingis og landið megi aldrei selja eða veðsetja (thingvellir.is). Þjóðgarðurinn var friðlýstur skv. lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum og er hann einnig á heimsminjaskrá UNESCO. Um vatnsvernd innan þjóðgarðsins gilda ákvæði laga nr. 85/2005 um Þingvallavatn og vatnasvið þess.

## 2.5 Vatnsvernd

*Eftirfarandi svæði er skilgreint sem vatnsverndarsvæði-brunnsvæði:*

### **VB3: Hakið**

- Vatnsból á Hakinu er þjónar byggingum á Þingvöllum.

*Meðal markmiða fyrir vatnsvernd er eftirfarandi:*

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

*Meðal leiða að markmiðunum eru eftirfarandi:*

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.


Skilgreind hafa verið grann- og fjarsvæði vatnsverndar umhverfis brunnsvæði vatnsbólsins á Hakinu.

## 2.6 Fráveitumál

Í umfjöllun um fráveitu í aðalskipulagi segir m.a.:

*Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar.*

Þar segir einnig að gerð verði nánari grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.



Mynd 1. Hluti Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, Þingvallasveit. Svört punktalína sýnir staðsetningu á því svæði sem deiliskipulag nær til en rauðir hringir sýna staðsetningu á þeim svæðum sem breytingin á aðalskipulagi nær til.

### 3 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

**September 2023** Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulagsnefnd og sveitarstjórn mun hún vera kynnt og samráð haft við Skipulagsstofnun.

**Október 2023** Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við sveitarfélag og aðra hagsmunaaðila.

<i>Nóvember 2023</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.
<i>Des. - jan. 2024</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
<i>Febrúar 2024</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulagsnefnd og sveitarstjórn.
<i>Mars 2024</i>	Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 4 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
  - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Þingvallanefnd*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands*
- *Vegagerðin*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Bláskógabyggðar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og mun hún liggja frammi á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., Dalbraut 12 á Laugavatni ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is)